



Framtíðarauður

Séreignarsparnaður Íslandsbanka

440 4900

sereign@islandsbanki.is

islandsbanki.is

- » Tryggðu þér 2% launahækkun
- » Fjölbreyttar fjárfestingarleiðir
- » Viðtæk þjónusta og ítarleg upplýsingagjöf
- » Kynntu þér skattfrjálst úrræði ríkisstjórnarinnar

Séreignarsparnaður

Tryggðu þér 2% launahækkun með séreignarsparnaði

Hvað er séreignarsparnaður?

Séreignarsparnaður er sparnaðarkostur sem hækkar ráðstöfunartekjur þínar eftir starfslok og er hugsaður sem viðbót við lögbundinn lífeyrissparnað. Séreignin þín er laus til úttektar við 60 ára aldur (eða við örorku*) og erfist að fullu við fráfall.

Tímabundið er hægt að nýta sér úrræði ríkisstjórnarinnar um skattfrjálsa ráðstöfun séreignarsparnaðar inn á húsnæðislán eða til útborgunar vegna húsnæðiskaupa. Sjá nánar á www.leidretting.is.

Íslandsbanki tekur á móti tilgreindri séreign í fjárfestingarleiðina Stýring A, en tilgreind séreign er tegund séreignarsparnaðar sem varð til í kjölfar kjarasamninga milli ASÍ og SA, þar sem réttthafar eiga kost á að ráðstafa allt að 3,5% af mótframlagi launagreiðanda í tilgreinda séreign.

Fáðu 2% launahækkun

Þú leggur 2-4% af launum í séreignarsparnað og vinnuveitandi leggur til 2% mótframlag, samkvæmt flestum kjarasamningum. Það er ígildi 2% launahékkunar. Þannig leggur þú fyrir til framtíðar með einföldum hætti.

Dæmi: 400.000 kr. heildarlaun á mánuði



Hverjir eru aðrir kostir séreignarsparnaðar?

- Fjölbreyttar fjárfestingarleiðir í boði
- Enginn fjármagnstekjuskattur er greiddur af ávöxtun
- Tekjuskattur er greiddur við útgreiðslu
- Erfist að fullu til barna og maka og enginn erfðafjárskattur er greiddur
- Ekki aðfararhæfur við gjaldþrot
- Hægt að fylgjast með stöðu séreignarsparnaðar í Netbanka Íslandsbanka

Hvar get ég gengið frá samningi?

Þú getur gengið frá samningi um séreignarsparnað á www.islandsbanki.is með rafrænum skilríkjum, eða í næsta útibúi Íslandsbanka.

Við sjáum um að senda tilkynningu á þinn launagreiðanda ásamt því að senda honum afrit af þínum samningi.

Launagreiðandinn sér um greiðslu á séreignarsparnaðinum til okkar, bæði á þínu framlagi og mótframlagin.

Skattafyrirvari

Vakin skal athygli á því að skattmeðferð ræðst af aðstæðum hvers viðskiptavinar fyrir sig og getur tekið breytingum í framtíðinni. Fjárfestum er ráðlagt að leita sér ráðgjafar og/eða upplýsinga um skattaleg áhrif af fjárfestingum.

*Að vissum skilyrðum uppfylltum skv. lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisséttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Framtíðarauður

Hvaða leið hentar þér?

Veldu þá fjárfestingarleið sem hentar best miðað við þínar aðstæður og þarfir. Þegar fjárfestingarleið er valin skiptir máli hvort verið sé að safna fyrir efri árin eða hvort nýta eigi úrræði Ríkisstjórnarinnar um að greiða inn á húsnæðislán eða safna fyrir íbúðarkaupum. Ráðgjafar okkar geta aðstoðað þig við val á fjárfestingarleið.

Ævileið

Hentugur fjárfestingartími: starfsævin

Ævileið hentar þeim sem vilja ávaxta séreignarsparnað sinn eftir aldri og minnka áhættu og sveiflur eftir því sem nær dregur eftirlaunum.

Helstu kostir

- Lögjöld og inneign færast sjálfkrafa á milli fjárfestingarleiða í stýringu D-A eftir aldri
- Enginn kostnaður við flutning á milli leiða
- Sérfræðingar vakta tækifæri á markaði

Stýring D 16-44 ára	Stýring C 45-54 ára	Stýring B 55-64 ára	Stýring A 65 ára og eldri
------------------------	------------------------	------------------------	------------------------------

Húsnæðisleið

Hentugur fjárfestingartími: 1 ár+

Húsnæðisleið hentar þeim sem stefna á að kaupa fasteign eftir eitt ár eða lengri tíma og vilja nýta úrræði ríkisstjórnarinnar og nota séreignarsparnað til að safna fyrir kaupum á fyrstu íbúð.

Helstu kostir

- Virk stýring og eignadreifing milli skuldabréfa og innlána

Fjárfestingarheimildir



Óverðtryggður lífeyrisreikningur*

Hentugur fjárfestingartími: 1 mánuður +

Óverðtryggður lífeyrisreikningur er fyrir þá sem ætla að ráðstafa séreignarsparnaði inná húsnæðislán eða fyrir þá sem eru/ætla að safna fyrir útborgun vegna fasteignakaupa, sem nýta á innan árs.

Fjárfestingarheimildir



Verðtryggður lífeyrisreikningur**

Hentugur fjárfestingartími: 3 ár+

Verðtryggður lífeyrisreikningur hentar þeim sem vilja verðtryggja séreignarsparnaðinn sinn. Fjárfestingartími er að lágmarki þrjú ár sbr. ákvæði 2. gr. reglna Seðlabanka Íslands nr. 492/2001 þar sem kveðið er á um 36 mánaða binditíma sparífjár á verðtryggðum innlánsreikningum.

Fjárfestingarheimildir



Stýring A

Ævileið (65 ára og eldri)

Hentugur fjárfestingartími: 2 ár +

Hentar þeim sem vilja litlar sveiflur í ávöxtun á séreignarsparnaði sínum, til dæmis þeim sem eru komnir á seinni hluta starfsævinnar. Leiðin fjárfestir með dreifðum hætti í skuldabréfum og innlánum.

Fjárfestingarheimildir



Stýring B

Ævileið (55-64 ára)

Hentugur fjárfestingartími: 3 ár +

Hentar þeim sem þola nokkrar sveiflur í ávöxtun á séreignarsparnaði sínum, til dæmis þeim sem eiga nokkuð eða lítið eftir af starfsævinni. Leiðin fjárfestir með dreifðum hætti í skuldabréfum, hlutabréfum og innlánum.

Fjárfestingarheimildir



Stýring C

Ævileið (45-54 ára)

Hentugur fjárfestingartími: 4 ár +

Hentar þeim sem þola nokkrar sveiflur í ávöxtun á séreignarsparnaði sínum, til dæmis þeim sem eru nýir á vinnumarkaði eða eiga mikið eftir af starfsævinni. Leiðin fjárfestir með dreifðum hætti í skuldabréfum, hlutabréfum og innlánum.

Fjárfestingarheimildir



Stýring D

Ævileið (16-44 ára)

Hentugur fjárfestingartími: 5 ár +

Hentar þeim sem þola þó nokkrar sveiflur í ávöxtun á séreignarsparnaði sínum, til dæmis þeim sem eru nýir á vinnumarkaði og eiga mikið eftir af starfsævi sinni eða þeim sem vilja aukið vægi hlutabréfa. Leiðin fjárfestir með dreifðum hætti í skuldabréfum, hlutabréfum og innlánum.

Fjárfestingarheimildir



Löng ríkisskuldabréf

Hentugur fjárfestingartími: 4 ár+

Löng ríkisskuldabréf henta virkum fjárfestum sem vilja ávaxta séreignarsparnaðinn sinn til lengri tíma. Þar sem fjárfest er í löngum ríkisskuldabréfum er gengi leiðarinnar næmt fyrir breytingum ávöxtunarkröfu.

Fjárfestingarheimildir



Erlend verðbréf

Hentugur fjárfestingartími: 5 ár+

Erlend verðbréf hentar þeim sem eru nýir á vinnumarkaði og eiga talsvert eða mikið eftir af starfsævi sinni. Þá hentar þessi leið virkum fjárfestum sem þola miklar sveiflur á séreignarsparnaði sínum og vilja einungis fjárfesta í erlendri mynt. Leiðin fjárfestir með dreifðum hætti í hlutabréfum og skuldabréfum.

Fjárfestingarheimildir



- Ríkisskuldabréf og skuldabréf með ríkisábyrgð
- Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga
- Hlutabréf
- Önnur verðbréf
- Innlán í bönkum og sparisjóðum

Lífeyrisreikningar bera vexti samkvæmt vaxtastefnu Íslandsbanka eins og hún er hverju sinni.

**Um tryggingu innstæðna á innlánsreikningum fer eftir almennum reglum um tryggingavernd innstæðueigna og fjárfesta. Sjá nánar á www.tryggingarsjodur.is og í lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Framtíðarauður

Sérstaða Framtíðarauðs í séreignarsparnaði

Þegar stofnað er til séreignarsparnaðar hjá Íslandsbanka stendur þér til boða að fá greiningu á þörfum þínum hjá ráðgjafa og fá ítarlegt mat á viðhorfi þínu til áhættu. Niðurstaða greiningarinnar getur verið afar gagnleg við val á fjárfestingarleið.

Kostir Framtíðarauðs

- Hagkvæmur sparnaður án upphafskostnaðar
- Regluleg viðtöl við lífeyrisráðgjafa
- Mat á viðhorfi til áhættu
- Fjölbreytt úrval fjárfestingarleiða
- Heimilt að skipta um fjárfestingarleið tvisvar á ári án kostnaðar
- Eignastaða sýnileg í Netbanka Íslandsbanka
- Mánaðarleg samantekt um eignasamsetningu fjárfestingarleiða á heimasíðu
- Fræðslufundir um lífeyrismál

Hvernig er hægt að fylgjast með sparnaðinum?

Í Netbanka Íslandsbanka er hægt að fylgjast með sparnaðinum daglega. Þú færð yfirlit frá okkur tvisvar á ári með upplýsingum um inneign, hreyfingar og ávöxtun.

Þegar þú hefur gengið frá samningi um séreignarsparnað er mikilvægt að:

- Fylgjast með á launaseðli hvort að launagreiðandi sé að greiða til Framtíðarauðs.
- Láta okkur vita þegar þú skiptir um vinnu með því að fara á vefsíðu Íslandsbanka. Einnig er hægt að senda tölvupóst á sereign@islandsbanki.is eða hringja í síma 440 4900.

Almennur fyrirvari vegna séreignarsparnaðar:

Fjárfestingum í fjármálagæringum fylgir ávallt fjárhagsleg áhætta. Virði þeirra getur bæði hækkað og lækkað. Bent skal á að ávöxtun í fortíð er hvorki vísbending um né trygging fyrir ávöxtun í framtíð. Fjárfestingarmarkmið og fjárhagsstaða fjárfesta er mismunandi. Þeim aðilum sem hafa hug á viðskiptum er bent á að leita sér sérfræðilegrar ráðgjafar og kynna sér vel hina ýmsu fjárfestingarkosti og þjónustu sem í boði er. Viðskiptavinir eru hvattir til að kynna sér fjárfestingarstefnu mismunandi fjárfestingarleiða og reglur séreignarsparnaðar Íslandsbanka sem finna má á www.islandsbanki.is.

Tekið skal fram að umfjöllun í þessum bæklingi er aðeins birt í

upplýsingaskyni og skal því ekki litið á hana sem ráðleggingu/ráðgjöf um að ráðast eða ráðast ekki í tiltekna fjárfestingu eða tilboð um að kaupa, selja eða skrá sig fyrir tilteknum fjármálagæringum eða þjónustu.

Framtíðarauður er hagkvæmur séreignarsparnaður án upphafskostnaðar. Íslandsbanki er vörsluaðili fyrir Framtíðarauð. Árlegt umsýslugjald Framtíðarauðs er 0,5% af heildareign rétthafa. Ekkert umsýslugjald er greitt af inneign á lífeyrisreikningum.

Íslandsbanki hf. er viðskiptabanki sem starfar samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og hefur heimild til að starfa sem vörsluaðili lífeyrissparnaðar.